




Digranes um 1900



Digranes um 1960. Ljós. Jóhanna Björnsdóttir



Uppdráttur af gamla bænum eftir Ágúst H. Georgsson og Guðmund Ólafsson - Þjóðminjasafnið - 1980. Vinstra megin er fjósið, eldhús fyrir miðju með innfelldu eldstæði. Fyrir miðju er talið hafa verið búr með steyptu gólfi.



Á hlaðinu við Digranesbæ. Myndin er að líkindum tekin 1945. Ekki er vitað hvað fólkíð á myndinni heitir. Ljósmyndasafn Kópavogs.



Við uppgröft rústa Digranesbæjar árið 1980.

## Digranes – elsta bújörð í Kópavogi

Hafinn var búskapur á jörðinni Digranesi sennilega á árunum milli 1300 og 1313, en þá er jarðarinnar fyrst getið í máldagaskrá Viðeyjarklausturs. Er hún sennilega elsta jörðin í Kópavogi. Síðasti bóndinn í Digranesi Jón Guðmundsson hóf þar búskap árið 1896 og bjó þar til hún var aflögð sem bújörð árið 1936. Digranes var þá þjóðjörð og sá Búnaðarfélag Íslands þá um að útmæla jörðina í smábýli og nýbýli samkvæmt nýjum lögum þar um. Árið 1950 var búið að úthluta úr landi Digranes um 10 löndum undir nýbýli og 146 smábýlalöndum. Smábýlalöndin voru fyrst og fremst ætluð sem ræktunarlönd en ekki til að setjast þar að með fasta búsetu, þó svo að mjög fljótlega hafi orðið þar breyting á og lönd þjóðjarðanna í Kópavogi orðið fyrsti vísirinn að þéttbýlismyndun.

Digranes var stór jörð, þótt hún hafi kannski ekki þótt eftirsóknaverð eins og gæðum hennar er lýst í úttektarbók Jarðabókarnefndar frá október 1703. Ekki er skráður jarðdýrleiki, eigandinn kóngur eða kóngsgarðurinn í Viðey og bjó ábúandi Sveinn Eiríksson þar einn með sínu fólki. Landsskuld var 90 álnir, greidd með fiski í kaupstað og leigukúgildi í smjöri eða fiski til Bessastaða. Við til húsa-gerðar leggur ábúandi til sjálfur og þær kvaðir fylgja að hann láni mann á vertíð eða gegni formennsku. Hann láni hest til Alþingis, vinni við tvær dagsláttur í Viðey og útvegi tvo hrishesta er gjaldist í fríðu. Hann leggi til mann í Elliðaár einn dag um sumar, heyhesta til fálkafjár í Hólmi eða Reykjavíkkaupstað, og skal bóndi fæða sig sjálfur við allar þessar kvaðir. Hann hafði 3 kýr, kálf og hross en að auki lamb, ein kýr og tvo kálfa til fóðurs frá

öðrum. Hris tók hann í almenningi, hafði nóg torf, stungu og mó í eigin landi enda taldi úthaga þrönga.

Í jarðabókunum 1686 og 1695 svo og jarðabók Johnsens frá 1847 var jörð metin á um 15 hundruð en í nýju jarðabókinni frá 1848 hefur jörðin rýrnað frá fyrri mötum um 8,4 hundruð og var þá metin á 256,2 ríkisdali. Með nýjum matsreglum urðu breytingar á mati jarðanna sérstaklega ef þær voru seldar úr konungseign. Á seinni hluta 19. aldar voru margar jarðir seldar úr konungseign, en Digranes var áfram í opinberri eigu og varð því þjóðjörð. Var hún síðan alla tíð í ríkiseign þar til Kópavogskaupstaður keypti hana formlega árið 1957, en þá hafði henni þegar verið skipt upp í lóðir og lendur fyrir íbúa hins unga kaupstaðar.

